

## Foreldrafélagsfundur leikskólans Lyngholts.

Var haldinn þriðjudaginn 18/2/25 kl 20:30. Fundurinn fór fram á Zoom.

**Fundinn sátu:** leikskólastjóri og stjórn foreldrafélgsins.

**Fundinn ritaði:** Helena Rán Stefánsdóttir.

- Pantaðar voru bækur frá Forlaginu sem var jólagjöf til leikskólans frá foreldrafélaginu.
- Keyptar voru 33 bækur að andvirði 93.100.
- Lísá Lotta ætlar að ræða við Harald Lingdal í sambandi við jólatrésskemmtunina, foreldrafélag sendir reikning á Fjarðabyggð vegna þess.
- Styrkurinn frá kvenfélagi Reyðarfjarðar er kominn inn vegna kaupa á myndavélum fyrir leikskólann.
- Senda þarf út reikninga fyrir félagsgjöldum fyrir foreldrafélagið. Það var sent aðeins í seinna lagi í fyrra, (júní), senda reikninga í maí, vegna nýrra barna (og foreldra) sem eru að koma inn á leikskólann.
- Athuga einnig hvort Landsbankinn vilji styrkja Foreldrafélagið.
- Árgjaldið er 2500 kr.
- Laugardaginn 12.apríl verður páskaeggjaleit í íþróttahúsinu. Best að kaupa öll eggin í sömu stærð, minnstu eggin. Kaupa eggin í gegnum Krónuna.
- Ræddum að fá Erlu Björns svefnráðgjafa til að halda námskeið. Viljum helst fá alla skóla og leikskóla í Fjarðabyggð með í þetta til að dreifa kostnaði, Lísá Lotta ætlar að ræða við aðra leikskólastjóra vegna þess, skólastjóra? Okkur finnst að Fjarðabyggð eigi að taka þátt í kostnaði líka. Þurfum að ræða við nýja fræðlsustjóra Fjarðabyggðar hana Líneyk.
- Við vorum öll sammála um mikilvægi að halda svona námskeið.
- Töluðum um hversvegna leikfélögin í Nesskóla og/eða ME bjóða ekki skólum og/eða leikskólum að koma með leiksýningar í skólana, auka fjáröflun fyrir þau. Þarf ekki að stoppa lengi við á hverjum stað. Helena Rán sendir póst Karen Ragnarsdóttur skólastjóra Nesskóla sem áframsendi á Þórfríði Soffíu aðstoðarskólastjór og er að bíða eftir svari.
- Komi aftur til verkfalls hjá leikskóum í mars ætlar foreldrafélagið að leigja út íþróttahúsið fyrir foreldra og börn til að hittast 1-2x í viku í lukkutíma til að halda smá rútínu fyrir litlu kræilin okkar.
- Foreldrafélagið ætlar að hittast við tækifæri og plasta nýju bækurnar.
- Fundi slitið kl 21:07.